



Hafnarfjarðarbær
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bærarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 1. júlí 2013
Tilv.: VEL13030117/05.11.31

Efni: Húsnæði St. Jósefsspítala


Ráðuneytið vísar til bréfs Hafnarfjarðarbæjar dags 14. mars sl. um húsnæði St. Jósefsspítala, einnig er vísað til funda fulltrúa Hafnarfjarðar með embættismönnum ráðuneytisins um málið og til fundar heilbrigðisráðherra með bærarstjóra og fleiri fulltrúum Hafnarfjarðar, sem haldinn var í ráðuneytinu 13. júní sl.

Í ofangreindu bréfi Hafnarfjarðar kemur fram að „Áhersla er lögð á það að Hafnarfjörður fái St. Jósefsspítala og tilheyrandi skipulagssvæði í næsta nágrenni til sinna umráða án endurgjalds. Suðurgata 44....verði jafnframt rífið á kostnað ríkisins.“


Á fundinum með ráðherra lá fyrir að fasteignamat Suðurgötu 41 (sjúkrahússins) er um 333 milljónir króna og fasteignamat Suðurgötu 44 er tæpar 93 milljónir. Brunabótamöt eru 377 mkr. og 161 mkr. Eignarhluti ríkissjóðs er 85% í báðum eignunum og hluti Hafnarfjarðar 15%. Á það skal einnig minnt að þegar starfsemi Landspítala lagðist af í húsinu var lykllum að því skilað til Fasteigna ríkissjóðs en 20. febrúar sl. óskaði ráðuneytið með tölvupósti eftir því við Fasteignir ríkisins að húsnæði St. Jósefsspítala yrði ekki leigt, selt eða ráðstafað á annan hátt án samráðs við ráðuneytið.

Ráðuneytið ítrekar það sem fram kom á fundi ráðherra með bærarstjóra, að ráðherra telur sig ekki hafa heimild til að afhenda Hafnarfjarðarbæ þessar eignir á þeim forsendum sem fram koma í bréfinu og er erindinu því hafnað.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Sveinn Magnússon


Bryndís Þorvaldsdóttir

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3.7.2013
Víslnr:	10101162
Bréfal:	401.1